

Ed.

## 40. Tillaga til þingsályktunar

[40. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsókna á verðbréfa- og víxlakaupum banka og annarra lánastofnana, sem verðbréf kaupa.

Flm.: Gils Guðmundsson, Björn Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa fjögurra manna nefnd, eins frá hverjum þingflokki, innandeyddarmanna samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka:

1. hvort brögð séu að því, að bankar og aðrar lánastofnanir hafi á undanförunum árum átt einhver þau skipti við verðbréfa- og víxlasala, sem samrýmast ekki eðlilegum viðskiptareglum;
2. hvort eðlilegum viðskiptareglum sé almennt fylgt um kaup og sölu verðbréfa;
3. hvort á kunni að skorta fullnægjandi löggjöf um verðbréfasölu og eftirlit með henni.

Nefndinni heimilast að ráða í þjónustu sína sérfróðan mann um banka- og viðskiptamál, er vinni með henni að rannsókninni.

Nefndin skal hafa það vald, sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum.

Nefndin skal að rannsókn lokinni gefa deildinni ýtarlega skýrslu um störf sín og niðurstöður.

### Greinargerð.

Það er alkunna, að á verðbólgutímum, þegar eftirspurn eftir fjármagni er stórum meiri en framboðið, gefst þeim, sem ákafir eru í kapphlaupinu um skjóttekinn gróða og lítt vandir að meðulum, sérstakt tækifæri til að koma ár sinni vel fyrir borð. Við þær aðstæður er hætt við, að viðskiptasiðferði hraki og margvísleg fjármálaspilling færirist í aukana. Slíkrar þróunar gætir jafnvel í þeim löndum, þar sem beitt er af opinberri hálfu hvað virkustum og áhrifaríkustum aðgerðum til að hamlar gegn óeðlilegum viðskiptaháttum. Er og ekki um að villast, hverjar afleiðingarnar verða í því þjóðfélagi, þar sem eftirlitið kann að vera slápt og látið undir höfuð leggjast að rannsaka til hlítar hæpna viðskiptahætti og hvers konar misferli, sem grunur leikur á að eigi sér stað.

Að undanförunu hafa komizt á dagskrá hér á landi nokkur mál viðskiptalegs eðlis, sem gefa fullt tilefni til, að fram fari gagnger rannsókn á víxla- og verðbréfa-kaupum banka og annarra lánastofnana. Sum þessara mála eru að vísu þegar komin til meðferðar dómstóla. En við teljum eigi að síður nauðsynlegt, að fram fari í þessum efnum miklu viðtækari rannsókn en dómstólarnir munu telja sér skylt að framkvæma. Verður að fást úr því skorið, hvort réttar séu eða rangar þær staðhæfingar, sem fram hafa komið á opinberum vettvangi, að menn hafi getað selt fullu verði í opinberum peningastofnunum víxla og önnur verðbréf, sem þeir höfðu keypt með miklum afföllum. Hafi slík viðskipti átt sér stað, er nauðsynlegt að upplýsa, í hve stórum stíl þau hafa verið.

Sú rannsókn á verðbréfavíðskiptum, sem hér er lagt til að framkvæmd verði af nefnd, er deildin skipi samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, á samkvæmt tillögunni að beinast að þrennu. Í fyrsta lagi er nefndinni ætlað að rannsaka, hvort opinberar lánastofnanir hafi keypt af einstaklingum fullu verði víxla og verðbréf, sem þeir höfðu tekið af stór afföll. Í öðru lagi skal hún kanna eftir föngum, hvort eðlilegum viðskiptareglum sé almennt fylgt við kaup og sölu verðbréfa. Loks er henni ætlað það hlutverk að gera sér grein fyrir því, hvort á kunni að skorta fullnægjandi löggjöf um sölu verðbréfa og eftirlit með verðbréfamarkaði. Væri í því sambandi eðlilegt, að kannað yrði, hvernig aðrar þjóðir skipa þessum málum og hvað af reynslu þeirra megi læra.

Að rannsókn þessari lokinni og fenginni greinagóðri skýrslu um hana væri síðan tímabært, að Alþingi tæki til meðferðar löggjafarhlið þessara mála.